

Aðalfundur Félags hrossabænda

Haldinn í Harðarbóli, félagsheimili hestamannafélagsins Harðar 27.október 2017

Sveinn Steinarsson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Í upphafi fundar komu þeir Lárus Ástmar Hannesson formaður LH og Sveinn M. Sveinsson frá Plús-film en þeir höfðu óskað eftir að fá ganga formlega frá viðskiptum sínum á aðalfundinum en um er að ræða kaup Landsmóts ehf á öllum Landsmótsmyndböndum sem Plús-film hafði tekið upp. Það er vel við hæfi að aðalfundur Félags hrossabænda sé valin sem formlegi vettvangurinn enda mikill fengur fyrir ræktunarstarfið og hestamenskuna í heild sinni að þessar mikilvægu heimildir verði aðgengilegar og vaðveittar á öruggum stað. Lárus fór yfir þróun og stöðu verkefnisins og benti á að við þurfum að vera dugleg við að kynna myndböndin svo seldur aðgangur geti fjármagnað þá vinnu sem felst í því að bæði kaupa efnið og gera það aðgengilegt í WF. Sveinn og Lárus undirrituðu samningana og vottar voru þeir Sveinn Steinarsson og Sigurður Eypórsson framkvæmdastjóri BÍ.

Sveinn skipaði Helga Eggertsson og Vigni Sigurðsson fundarstjóra og Hallveigu sem ritara. Helgi bað um tillögu um kjörbréfanefnd: Vignir, Hermann og Eysteinn voru valdir.

Gestir fundarins: Sigurður Eypórsson í fjarveru Sindra Sigurgeirssonar, Bjarni Maronsson, Erlendur Garðarsson

Sigurður Eypórsson flutti ávarp fyrir hönd Sindra Sigurgeirssonar, formanns BÍ.

Sigurður greindi frá þeirri stöðu sem er varðandi landsmótahaldið, stöðunni sambandi við uppgjör á síðasta landsmóti sem var á Hólum og hver staðan er sambandi við næstu landsmót Víðidal 2018, Hellu 2020 og Sprett 2022. Sigurður fór yfir hvernig hafi gengið að gera núverandi búvörusamninganna en sú vinna hófst vorið 2016. Tók vinna við gerð samningsins á sig ýmsar myndir þar sem m.a urðu stjórnarskipti og pólitísk ringulreið sem höfðu sín áhrif á alla þá vinnu. Þá kom Sigurður inná þær breytingar sem niðurfelling búnaðargjaldsins hefur haft. Sigurður lagði áherslu á að mikilvægt kjarnastarf BÍ sé að verja hagsmuni og í því samhengi sé mikilvægt að félagar í búgreinafélögum séu einnig félagar í BÍ þannig verði til öflugur málsvari fyrir landbúnað á Íslandi.

Ávarp Sigurðar Eypórssonar/Sindra Sigurgeirssonar má lesa í heild [í lok fundargerðarinnar](#).

Bjarni Maronsson flutti kveðjur frá landgræðslustjóra og starfsmönnum landgræðslunnar. Fór yfir landstýringar í verkefninu Hagagæði. Kynnti verkefnið fyrir fundarmönnum.

Erlendur Garðarsson, kynnti fyrir fundarmönnum stöðu á hrossakjötsmarkaði. Erlendur greindi frá því að vinna við Japansmarkað væri í ágætum farvegi og að afurðaverð hefði hækkað og vonaðist hann eftir frekari hækkunum. Erlendur sagði að tvö sláturhús, Sláturhúsið á Hellu og sláturhús KS á Sauðárkróki væru að taka þátt í Japansverkefninu og þar af leiðandi að greiða betra verð en aðrir allt að 126 kr pr/kg. Í Japansverkefninu er mikið lagt uppúr því að nýta sem allra mest af hrossaskrokknum sem er mikilvægt í öllu samhengi.

Kjörbréfanefnd skilar af sér Eysteinn Leifsson :

Hrossaræktarsamband Skagfirðinga: Guðrún J. Stefánsdóttir, formaður stjórnar HSS, Víkingur Gunnarsson.

Hrossaræktarsamtök V-Hún: Malin Persson,

Hr. Aust: Einar Ben Þorsteinsson, formaður

Hrossaræktarsamtök Suðurlands - Sigríkur Jónsson, Katrín Sigurðardóttir, Svanhildur Hall, Hermann Þ. Karlsson, Magnús Lárusson, Guðný Höskuldsdóttir, Helgi Eggertsson, Þórhallur D. Pétursson.

Vesturlandsdeild FHB - Birna Hauksdóttir, Jón Bjarni Þorvarðarson, Gísli Guðmundsson.

Samtök hrossabænda A-Hún - Magnús Jósefsson.

H.E.Þ - Jónas Vigfússon, Zophonías Jónmundsson, Vignir Sigurðsson.

Hornafjörður – engin mætti

Dalamenn – Sigurður H. Jökulsson boðað forföll

Formaður flutti skýrslu stjórnar :

Stjórn Félags hrossabænda skipa Sveinn Steinarsson Litlalandi, formaður, Vignir Sigurðsson Litlu-Brekku, gjaldkeri, Magnús Jósefsson, Steinnesi, varaformaður, Eysteinn Leifsson, Mosfellsbæ, ritari og Jón Bjarni Þorbergsson, Bergi.

Alls hafa verið haldnir fjórir stjórnarfundir og auk þess að stjórnarmenn hafa verið í töluverðum samskiptum í síma og tölvupóstum.

Formannafundur var haldinn í Guðmundarstofu í Víðidal 8.apríl og aðalfundur félagsins haldinn hér í Harðarbolli fyrir ári síðan eða í nóvember 2016. Fundargerðir þessara funda má núna lesa á heimasíðu félagsins www.fhb.is .

Að auki hefur formaður og starfsmaður félagsins ásamt Sigríði Björnsdóttur, dýralækni hrossasjúkdóma hjá MAST, fundað með hestaferðaaðilum með það fyrir augum að hvetja þá til innbyrðis samvinnu/samvinnu með okkur, í þeim tilgangi að ná utanum þeirra starfsumhverfi. Það er mikilvægt, og hafa allir/flestir verið sammála um það á þeim fundum sem við höfum staðið fyrir. Hestaferðaaðilar þurfa að mynda með sér félagsskap til að geta tekið sameiginlega afstöðu til margra þátta er varðar þeirra starfsumhverfi t.a.m leyfisskyldu, eftirlit, velferð hrossa, aðbúnað hrossa og ímynd íslenska hestsins. Við vonum sem fyrr að frumkvæði okkar verði til þess að til verði samráðshópur í þessari ört stækkandi atvinnugrein – atvinnugrein sem skiptir miklu máli gagnvart útbreiðslu og kynningu á íslenska hestinum.

Skrifstofa

Félagið rekur skrifstofu í Bændahöllinni þar sem starfsmaður félagsins hefur aðstöðu og svarar fyrirspurnum.


Markaðsmál

Markaðsmál okkar eru með tvennum hætti eins og þið þekkið, megin verkefnið er gagnvart lífhrossum og síðan þá hrossaafurðum. Í markaðsmálum reiðhesta höfum við verið, eins og þekkt er, í verkefninu Horses of Iceland ásamt fleiri hagsmunaaðilum en verkefnið hófst með undirbúningsvinnu 2015 – verkefnið hefur verið í góðum farvegi, ákveðið lærdómsferli var á síðasta ári sem og öflun auglýsingar og kynningarefnis. Á þessu ári hefur verið haldið úti mjög öfluggu starfi samkvæmt áætlun verkefnastjórnar og samstarfsaðila. Fjármögnun verkefnisins hefur gengið allvel og höfum við úr sögulega miklu fjármagni að ráða ásamt góðum stuðningi frá ríkinu í gegnum öflugt starf hjá Íslandsstofu. Ég þreytist ekkert á að nefna að í mínum huga er þetta okkar tækifæri í því að byggja upp markaðsstarf til framtíðar – þetta samstarf er tímabundið (frá 2016 út 2019) að mínu mati þurfum við að vinna vel, sína árangur og trúverðugleika og mikilvægi þess að þetta samstarfsverkefni verði að tímalausu verkefni. Þannig að við þurfum að tryggja til framtíðar aðkomu ríkisins að því mikilvæga verkefni að markaðssetja og kynna íslenska hestinn og hestamennskuna. Að mínu mati er þetta sá stuðningur sem við/okkar búgrein þurfum mest á að halda s.s fjárhagslegan og faglegan stuðning til markaðsstarfs. Og þegar spurt er hvað fáum við/hvað eigum við að fá við út úr þeim samningum sem gerðir eru milli ríkis og bænda þá segi ég við þurfum að fá stuðning til markaðsstarfa - við erum með formann Bl í salnum og var það akkúrat það sem ég ræddi við hann þegar vinna við gerð búvörusamninga var í uppsiglingu og leitað var eftir

okkar áherslum í sambandi við gerð samningsins. Þessum hagsmunum okkar þarf að koma inni þá samninga sem gerðir verða í framtíðinni milli ríkis og bænda. En nú um stundir njótum við þess að hafa gert ásamt fleirum samning með beinum hætti við ríkið. Þess njótum við í dag og mun Þórdís Gylfadóttir verkefnastjóri (tímabundin meðan Jelena er í fæðingarorlofi) verkefnisins mun fara yfir stöðu þess eftir hádegishlé og greina okkur frá því helsta sem unnið hefur verið að á þessu ári og því sem framundan er.

Markaðsupplýsingar

Við þurfum eftir föngum að reyna að átta okkur á hvar jafnvægið er á milli framboðs og eftirspurnar á hestamarkaði en ljóst er að verulega dregur úr fjölda skráðra folalda og hlýtur það að enda með því að jafnvægi verður.



Þessi glæra sýnir þróun á fjölda ásettra/skráðra folalda hérlendis og erlendis. Við þurfum með þessar upplýsa í huga að reyna að átta okkur á mögulegu framboði og mögulegri eftirspurn á reið/keppnis- og ræktunarhrossum og hestum í ferðapjónustna í nánustu framtíð.

Það er mikil gróska í kringum hestaleigu- og hestaferðaaðila sem er mjög jákvætt og ber okkur að fagna því – auðvitað á hagur okkar að fara saman í öllu tilliti, bæði hvað varðar kynningu á hestinum og viðskiptum okkar í milli og útbreiðslu á hestinum – það er auðvitað mikil þörf hjá hestaleiguaðilum fyrir hesta og ef fram heldur sem horfir verður þörfin mikil á næstu árum og raun ómögulegt annað en að eitthvað betra jafnvægi fái gagnvart verði á hrossum í þeirra starf á næstu árum enda má segja að báðir þurfi á hinum að halda.

Sumarexemið

Annað sem skiptir miklu máli og varðar velferðar- og markaðsmál er framvinda í vinnu við bólusetningu og afnæmingu á sumarexmi. Formaður fundaði í byrjun október með þeim Sigurbjörgu og Vilhjálmi á Keldum og Sigríði Björnsdóttur og var farið yfir stöðu verkefnisins. Sigurbjörg og Vilhjálmur verða gestir á fundinum eftir hádegjið og greina þá fundarmönnum frá gangi mála í verkefninu.

Afurðamál

Það er ekki komist hjá því að ræða afurðamál á aðalfundi félagsins. Staða mála með hrossaafurðir er ágæt hvað varðar að afsetja hross þó svo að eftirtekjur hafi ekki verið miklar. Ástandið hafur skánað til muna frá því sama tíma í fyrra en betur má ef duga skal.

Erlendur Garðarsson mun upplýsa okkur um gang mála hvað varðar Japansmarkað og eins hvernig afurðaverð hefur þróast í kjölfar þess verkefnis.

Hagagæðaverkefnið er eitt af þeim verkefnum sem unnið hefur verið að á árinu eins og Bjarni Maronsson kom inná og hvetjum við félagsmenn til að kynna sér það og nýta.

Vefsíður

Af vefsíðu félagsins er það að fréttu að afar illa gekk að halda henni úti vegna ytri áhrifa.

Síðan hafði ítrekað verið hökkuð og við það hefur efni farið forgörðum svo sem fundargerðir og fl. Stjórn samþykkti tillögu starfsmanns félagsins að endurnýja heimasíðuna og semja við nýjan aðila, Stefnu ehf, www.stefna.is sem er með vefumsjónarkefið Moya. Grunn síðan hefur þegar verið afhent og er starfsmaður okkar vinna við að færa upplýsingar yfir á nýju síðuna og verður þeirri vinnu vonandi lokið þegar að aðalfundi kemur. Utlit síðunnar breytist ekki stórvægilega en allt utanumhald og innsetning verður mun þægilegra ásamt því að Stefna sér um þjónustu, hýsingu og öryggisafritun.

Eftir þessa uppfærslu hættum við með síðuna www.icehorse-experience.is en hún var fyrst og fremst til að halda utan um gopro-reiðtúranna. Þannig að eftir stendur að einungis munum við halda úti heimasíðunni www.fhb.is og er stefnan að efla síðuna gagnvart ítarupplýsingum um félagið, tilkynningum og þess háttar.

Fundir

Formaður og ábyrðarmaður hrossaræktarviðs RML fóru fundarferð s.l. vetur. Fundirnir voru fínir en við hefðum alveg þegið betri fundarsókn. Við stefnum ótrauðir í fundarferð í upphafi nýs árs og munum eins og hingað til skipuleggja fundina í samstarfi við formenn og stjórnir félaganna. Fundirnir geta nefnilega verið með mismunandi hætti; að einhverju leiti verklegir t.d. unghrossa og/eða folaldamat og hinsvegar upplýsinga og umræðufundir.

Formaður og fleiri stjórnarmenn hafa í gegnum veru sína í verkefnastjórn Horses of Iceland haldið og farið á fjölmarga fundi vítt og breitt um landið til að kynna það verkefni og til að afla því stuðnings og mótframlaga.

Ég ætla að minna á árlega ráðstefnu fagráðs en hún verður hér í Harðarbóli á morgun (laugardaginn 28. okt) og hefst kl 12:30 – Það verður að vanda margt áhugavert á dagskrá og hvet ég alla til að mæta á ráðstefnuna.

Verðlaun og viðurkenningar

Félagið hefur undanfarin ár verðlaunað hæst dæmdu hross ársins á hrossaræktarráðstefnu fagráðs. Verðlaun eru veitt fyrir hæsta hæfileikadóm ársins, án áverka jafnframt eru veitt verðlaun fyrir hæst dæmda hross ársins, aldursleiðrétt.

Hrossaræktarbú ársins 2016 var Ketilsstaðir – Syðri Gegnishólar og verður spennandi að sjá hver hlýtur titilinn í ár.

Stjórn félagsins ákvað að innleiða á þessu ári **Heiðursviðurkenningu Félags hrossabænda.**

Heiðursviðurkenning Félags hrossabænda er veitt þegar tilefni þykir til. Viðurkenningin er hugsuð sem virðingavottur félagsins við eldri aðila sem með framlagi sínu hafa stuðlað að framförum í hrossaræktar- og félagsstarfi í sinni víðustu mynd.

Stjórn Félags hrossabænda getur leitað eftir hugmyndum hjá aðildarfélögum varðandi val á heiðursfélagi, en það er á hendi stjórnar að ákveða hver verður fyrir valinu.

Viðurkenningin skal veitt á aðalfundi félagsins eða öðrum þeim vettvangi er stjórnin ákveður. Þessi viðurkenning verður veitt í annað kvöld á Uppskeruhátíð hestamanna með hátíðlegum hætti.

Félagið

Á aðalfundi félagsins 2016 var fjallað um hvernig yrði best brugðist við þeim áhrifum sem niðurfelling búnaðargjalda hefði á tekjur félagsins og var stjórn falið að koma með tillögur þess efnis. Stjórn hefur talsvert fjallað um þessi mál og var m.a. ágæt umræða á formannafundi félagsins í apríl s.l. Stjórn hefur kynnt hugmynd sem hún mælir fyrir og hefur sú tillaga verið kynnt fyrir formönnum aðildarfélaganna. Tillöguna munum við ræða síðar á fundinum og saman reynum við að finna bestu leiðina við álagningu og innheimtu félagsgjalda. Við í stjórn vonumst eftir góðri umræðu um tillöguna hér á fundinum en eins og við munum þá var stjórn uppálagt að koma með tillögu á þennan fund.

Að lokum þakkar formaður/stjórn FHB öllum samstarfsaðilum á árinu fyrir samstarfið

F.h. stjórnar
Sveinn Steinarsson formaður

Vignir Sigurðsson gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum félagsins.

Skýrsla stjórnar og reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

Matarhlé

Staðan á sumarexemsverkefninu.

Vilhjálmur Svansson og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir frá Keldum komu og skýrðu frá framvindu mála vegna rannsóknar á sumarexemi. Vitað er að lúsmý er orsakavaldurinn að sumarexemi í hrossum sem flutt eru út, en ekki er vitað hvort það sé sama tegund og herjar á fólk. Þau upplýstu fundarmenn um að ung hross innan tveggja vetra sem eru flutt út hafa sömu tíðni fyrir sumarexemi og erlend fædd hross. Tíðnin eykst síðan í íslensk fæddum hrossum þegar þau eru orðin eldri en tveggja vetra þegar þau eru flutt út. Rannsóknir eru nú komnar á það stig, að hægt er að hefja tilraunir með afnæmingu með bólusetningu. Staðan er hinsvegar sú að ekkert fjármagn er til til framhaldsrannsókna. Framleiðnisjóður hefur styrkt verkefnið um 4 milljónir á þessu ári. Sótt hefur verið um styrk til Rannís til 3ja ára og eru aðstandendur verkefnisins að vonast eftir að fá 15. milljónir á ári í 3 ár. Jafnframt er tilraunin komin á það stig að hægt er að sækja um styrki fyrir verkefnið erlendis, þar sem niðurstaðan gæti reynst mikilvæg á heimsvísu. Að þessu verkefni standa Keldur, háskólarnir í Bern og Cornell og Orf ehf. og áætlaður kostnaður við lokáfangann er um 220 milljónir. Lokaáfanginn felst í því að einangra ofnæmisvaka í byggi og nota þannig í afnæmingu. Hægt er að gefa ofnæmisvakann í gegnum munn í byggi og sýnt hefur verið frammá að það virkar. Þá er einnig önnur aðferð að sprauta ofnæmisvaka í eitla, sem er mun vandasamari aðferð. Tilraunin yrði fólgin í því að fá 40 hross, sem send yrðu úr landi og yrðu 20 þeirra óbólusett, en 20 bólusett. Öll hrossin þurfa að vera staðsett á sama stað, þar sem fluga er mikil. Hross sem notuð yrðu mega helst ekki vera afsláttarhross, þar sem þau eru síður fallin til að afla verkefninu styrkja erlendis. Þessi rannsóknartilraun tæki síðan 3 ár undir stöðugu eftirliti. Hrossabændur gætu m.a. stutt þessa lokatilraun með því að útvega hross í rannsóknina. Það má segja að þetta viðamikla verkefni sé að komast í loka áfangann og því er óskaplega mikilvægt að nægt fjármagn fáiast svo hægt verði að vinna í verkefninu í samfellu allt til loka. Talsverð umræða myndaðist á fundinum og ljóst að fundarmenn hafa fulla trú á að verkefnið komist á leiðarenda og að meðferð við sumarexemi verði valkostur í framtíðinni.

Þórdís Anna Gylfadóttir fór yfir stöðu verkefnisins Horses of Iceland. Mikið prógram hefur verið allt þetta ár og ýmislegt framundan. Þórdís sem tímabundið sinnir hlutverki verkefnastjórna fór yfir þetta allt saman með glæsibrag, sýndi gangtegundamyndbandið sem hefur verið skoðað yfir miljón sinnum og frumsýndi líka næstum fullklárað hero-mynband sem mikill spenningur er búinn að vera fyrir. Fundarmenn voru almennt ánægðir með verkefnið,

greinilega mikið í gangi og frábært að samstarf eins og verkefnið skuli vera að festa sig í sessi meðal Íslandsstofu (ríkisins) og fjölda samstarfsaðila (þegar orðnir 60)

Hjörtur Bergstað formaður Fáks sagði fundarmönnum frá því helsta sem unnið hefur verið að varðandi undirbúning á komandi landsmóti í Víðidal. Allur undirbúningur gengur samkvæmt áætlun, mikið hefur verið gert og formaðurinn bjartsýn á að vel til takist. Það er mikil áskorun að halda þennan stærsta viðburð hestamanna og mikilvægt að vel til takist.

Þorvaldur Kristjánsson fór yfir árangur í hrossaræktinni á árinu. Í máli hans kom fram að dómastörf hafi gengið vel og fjöldi hrossa til dóms verið góður. Þorvaldur greindi frá því að endurskoðun dómaleiðarans og markmiðanna væri í gangi og samhliða dómastörfunum í sumar voru hrossin einnig dæmd á línulegum skala en með því fást viðbótar upplýsingar sem nýtast við yfirferð á dómaleiðanum. Þorvaldur nefndi ýmsar fleiri hugmyndir sem kynntar verða betur á fundarferð á komandi vetri.

Sveinn Steinarsson – lagði fram tillögu frá stjórn um félagsgjaldið og tillögu um samninga milli hryssueiganda og stóðhestaldara og var þeim vísað til nefndastarfsins.

Nefndir tóku til starfa.

Kynbótanefnd:

Víkingur – endurgreiðsla sýningagjalda á kynbótasýningum er of þung í vöfum. Þorvaldur skoðar þetta, ef forföll eru tilkynnt með a.m.k. viku fyrirvara fæst full endurgreiðsla en ca 60% ef forföll eru innan viku.

Magnús Lárusson – væri hægt að hafa gamla kynbótamatið inni þegar það nýja er keyrt inn. Þorvaldur skoðar það.

Sveinn Steinarsson – formaður veltir því upp í nefndinni hvort ekki ætti að skoða með innleiðing á upptöku á öllum kynbótahrossum og setja í gagnasafn WF og að horft yrði á það sem hluta af dómaupplýsingum. Taka mynd af hrossinu í byggingadómi og taka svo upp reiðdóm. Góð umræða í kjölfarið þar sem ræddar voru leiðir í þessu sambandi og þá annmarkar. Svanhildur benti á að til væru tæki sem sett eru á knapann og myndavél myndi þá „elta“ hann í dómi. Rætt og nefnt að þetta yrði fyrir öll hross en ekki valkvætt, rætt um mögulega útfærslu og að athuga lögfræðihliðina og hvort birting í Worldfeng yrði valkvæð (t.d. í gegnum heimaréttina).

Samhljóma niðurstaða bæði í nefndinni og á fundinum að beina því til stjórnar að skoða kostnað og framkvæmda hlið við að innleiða upptökur á öllum kynbótasýningum.

Val kynbótahrossa inn á landsmót 2018 – Ágæt umræða um bæði fjölda kynbótahrossa og þátttökuskilyrði á komandi landsmót. Svanhildur; yngstu hrossin; af hverju eru 15 stóðhestar en 20 hryssur, en ekki öfugt? Stóðhestarnir þola álagið frekar og ræktunarlega séð er það meira virði að sjá yngstu hestana en hryssurnar. Víkingur; verðum líka að passa okkur á að fækka hrossum ekki meira en orðið er. Þorvaldur; með úrvalssýningunni sem var á Hólum fjölgaði þeim kynbótahrossum sem sýnd voru þó ekki væru þau í dómi.

Samhljóma niðurstaða bæði í nefndinni og á fundinum beina því til fagráðs hvort svigrúm sé til þess að fjölga lítillaga í aldursflokki yngstu stóðhesta, þ.e. 4 og 5 vetra á Landsmóti 2018.

Rætt um leiðir um hvernig megi örva starf Félags hrossabænda og aðildarféлага þess.

Magnús Lárusson – er hægt að koma því þannig fyrir að þeir sem eru í hrossaræktarsamtökum eða FHB fái afslátt á kynbótasýningu þar sem þessir aðilar eru að

greiða gjöld á ýmsum stöðum en njóta þess ekki meðan aðrir sem ekki eru í neinum samtökum njóta nákvæmlega sömu réttinda og hinir. Svanhildur, lækka sýningargjaldið fyrir félagi FHB eða setja aukagjald á þá sem ekki eru í félaginu. Víkingur þurfum að hafa e-a gulrót fyrir félagsmenn okkar og stuðla að nýliðun. Svanhildur; 5 mættu á aðalfund Hrossaræktarsamtaka Suðurlands fyrir utan stjórn. Eysteinn; hestamannafélögin eru mörg með ræktunarnefndir sem gætu uppfyllt kröfu þéttbýlisbúa sem eru í ræktun með kannski 1 eða 2 hryssur.

Samhljóma niðurstaða bæði í nefndinni og á fundinum að vísa því til stjórna FHB og BÍ að skoða hvernig hægt sé að hafa lægra sýningagjald fyrir félagi í FHB sem mótvægi við hækkun á félagsgjöldum.

Allsherjarnefnd

Samskipti hryssueigenda og stóðhesthaldara (tillaga neðan við fundargerðina)

Talsverðar umræður urðu um tillögu stjórnar sem lá fyrir fundinum. Eftir ágæt umræður var ákveðið að ganga ekki lengra að þessu sinni varðandi leiðbeiningar milli stóðhesthaldara og hryssueigenda en að fela stjórna að setja í gátlistann um stóðhestahaldið að ekki beri að líta á að hryssur séu með staðfestu fylfi fyrir en dýralæknar meta fylfið 17.daga gamalt. Þetta skref er liður í því að tryggja að fangskráðar hryssur kasti folaldi.

Samhljóma niðurstaða bæði í nefndinni og á fundinum að fela stjórna að setja í gátlistann um stóðhestahaldið að ekki sé hægt líta svo á að hryssur séu með staðfestu fylfi fyrir en dýralæknar meta fylfið 17.daga gamalt.

Fjárhags- og uppstillingarnefnd.

Tillaga að félagsgjaldi og nýju fyrirkomulagi lá fyrir fundinum frá stjórn: Í tillögunni er lagt að um tvær leiðir verði að ræða annars vegar fyrir áhugafólk um hrossarækt og hinsvegar þá sem hagsmuni hafa af hrossaræktarstarfi og eða hestatengdu starfi. Ágætar umræður voru um málið en niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki skildi fara í breytt fyrirkomulag gagnvart félagsgjaldi þ.e.a.s að áfram verði eitt gjald fyrir alla og lagt til við fundinn að hækka gjaldið fyrir næsta ár úr 6.000 í 9.000 kr. Þessi hækkun á árgjaldi mun ekki duga fullilega fyrir útgjöldum næsta árs samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun sem liggur fyrir fundinum. Allir gera sér grein fyrir því og því ákveðið að ganga á sjóði félagsins til að brúa það bil sem uppá vantar.

Samhljóða samþykkt að hækka félagsgjaldið í 9.000 f. árið 2018.

Fjárhagsefndin tók einnig fyrir þóknarir til stjórnarmanna og er lagt til að þóknarir verði óbreyttar.

Nefndin fjallaði líka um og lagði fram fjárhagsáætlun 2018.

Báðir þessir liðir samþykktir samhljóða.

Uppstillingarnefnd.

Kosningar – 2 menn í stjórn; Vignir og Jón Bjarni gefa báðir kost á sér áfram og báðir kosnir með lófaklappi.

Varastjórn: Sigríkur Jónsson, Malin Persson og Einar Ben Þorsteinsson – **samþykkt með lófaklappi**

Skoðunarmenn reikninga: Birna Hauksdóttir, Gunnar Dungal – Zophonías varamaður – lagt til að Gunnar og Zophonías hafi skipti, Gunnar verið varamaður og var það **samþykkt með lófaklappi**.

Formaður þakkaði fyrir þrjúðilegan fund og góðar umræður. Benti á að á heimasíðu FHB er hægt að halda utan um fundargerðir og tilheyrandi fyrir deildirnar. Minnti á ráðstefnuna á laugardeginum og uppskeruhátíðina þá um kvöldið.

Hér að neðan eru þær tillögur sem koma inná fundinn og einnig framsögur :

Félagsaðild/félagsgjöld að Félags hrossabænda.

Eftir að horfið var frá innheimtu búnaðargjalds sem var u.þ.b helmingur tekna FHB er eftirfarandi fyrirkomulag lagt til við ákvörðun við innheimtu félagsgjalda.

Eins og verið hefur þurfa félagar þurfa að vera félagar í aðildarfélögum (hrossaræktarsamböndum/tökum og deildum) Félags hrossabænda og munu félögin rukka félagsgjöldin.

Lagt er til að félagsgjöldin séu með eftirfarandi hætti.

- A. Þeir félagar sem hafa tekjur af hestatengdu starfi (ræktun og sölu hrossa, beinni þjónustu hestamenn s.s járningar, tamningar, reiðkennslu, hestaferðaþjónustu og m.ö fleira) greiði árlega 15.000 kr í gegnum sitt félag og öðlast full réttindi í Félagi hrossabænda.
- B. Þeir félagar sem hafa mjög litlar eða engar tekjur af hestatengdri starfsemi greiði árlega 6.000 kr í gegnum sitt félag og öðlast full réttindi í Félagi hrossabænda.

Þá er það hugmyndin að félögin myndu leggja mat á hvort félagar þeirra teldust til A eða B gjaldsins og rukka féлага sína í samræmi við það.

Viðmiðunarreglur í viðskiptum milli stóðhesthaldara/eiganda og hryssueigenda þegar keyptur er folatollur og tilheyrandi þjónusta.

Þessar reglur er gott að hafa til viðmiðunar fyrir báða aðila og geta reglunar verið það sem aðilar nota við til að formgera sín viðskipti.

A – leið *Hryssur séu ekki skilgreindar með staðfestu fyli fyrr en dýralæknir staðfestir að fylið sé orðið að lámarki 17. daga gamalt. Hryssa því ekki tekin frá hestinum eða send heim fyrr en að þessum skilyrði eru uppfyllt, sem sagt 17. daga fyl sé viðmiðið.*

Í upphafi sé einungis rukkað girðingar og þjónustugjöld, (þ.e þegar hryssan er tekin úr girðingu eða húsmálsþjónustu) en tollurinn sjálfur ekki rukkaður fyrir en eftir 90. daga enda gefst hryssueigendum við þau tímamörk kostur að á að tryggja fylið þar sem 90.daga gamalt fyl eru það sem tryggingarfélögin mið við. Reynist hryssan fyllaus við 90. daga skoðunina eru aðilar sammála því að ekki sé greitt fyrir tollinn og ber hryssueiganda að sýna framá staðfestingu þess efnis. Það er á ábyrgð hryssueiganda að láta sóna sína hryssu og upplýsa um stöðu mála ef hann vill nýta 90 daga regluna.

Ef hann hins vegar nýtir ekki þann möguleika þá mun stóðhestseigandinn rukka fyrir tollinn m.v 90.daga regluna.

B-leið *Ef ekki er stuðst við 90.daga regluna og tollur greiddur þá gefist hryssueigendum yfirlýstur réttur á að koma með hryssu aftur undir viðkomandi hest og greiði þá einungis þjónustugjald (haga/húsgjald og sónar). Þetta byggir á því að aðstæður sé til staðar þ.e.a.s stóðhesturinn sé tiltækur og að því gefnu að viðkomandi hafi greitt fyrir toll og þjónustu. Aðilar þurfa að vera þessu sammála og að gögn staðfesti það.*

Sé stóðhestur farinn úr landi eða aðrar aðstæður varðandi stóðhestinn hindra það að hægt sé að leiða hryssuna undir hann að nýju ber stóðhesteiganda að endurgreiða tollinn.

C-leið Alger ábyrðarhlutdeild stóðhesteiganda. Stóðhesteigandi rúkkar einungis þjónustugjöld og sónar en folatollinn ekki fyrir en folaldið er komið í heiminn og er orðið u.þ.b 2. daga gamalt.

Ávarp Sigurðar Eyþórssonar.

„Fundarstjóri, formaður, fulltrúar og gestir

Ég færi fundinum kveðjur frá stjórn og starfsfólki BÍ.

Undanfarið ár hefur verið viðburðaríkt í starfi Bændasamtakanna eins og þau eru reyndar flest, en segja má að þetta séu miklir umbreytingatímar.

Landsmót ehf hefur haldið 3 formlega stjórnarfundum á árinu. Þau mál sem verið er að vinna í er uppgjör á vel heppnuðu Landsmóti á Hólum. LM hefur óskað eftir niðurfellingu á löggæslukostnaði á Landsmótinu, sem er réttlætismál landsbyggðarinnar, en höfuðborgarsvæðið er undanþegið þeim kostnaði, fyrir sambærilegar samkomur. Þá hefur myndefni af mótum á Worldfeng í áskrift verið að aukast og er verið að ganga frá kaupum á eldra efni.

7. júlí var undirritaður samningur vegna Landsmóts 2020 á Hellu en áður var búið að undirrita samning við Fák vegna Landsmóts 2018. Nú eru að hefjast viðræður við Sprett vegna Landsmóts 2022. Það er mjög ánægjulegt að geta gengið frá Landsmótssamningum tímanlega við þau hestamannafélög sem það heldur hverju sinni. Samstarf LH og BÍ eiganda Landsmóts ehf hefur verið mjög gott og stjórn LM verið samstíga í þeim verkefnum sem hefur verið fengist við hverju sinni.

Eftir undirskrift búvörusamninga í febrúar 2016 tóku við kynningarfundir og síðan atkvæðagreiðsla sem var í fyrsta sinn rafræn að mestu leiti. Síðari hluta ársins tók við mikil vinna við nánari útfærslu samninganna með smíði verklagsreglna og reglugerða í samvinnu við stjórnvöld. Því lauk ekki fyrir en um áramót, meðal annars vegna síðbúinnar afgreiðslu Alþingis eins og ég kem að á eftir. Það olli svo aftur því að Matvælastofnun fékk lítinn tíma til undirbúnings sem olli margvíslegum vandkvæðum, en við vonumst til að þeir hnökra séu nú að mestu leiti að baki. Það opnaðist til dæmis möguleiki fyrir ykkur hrossabændur sem eruð að rækta land eða að heyja á ræktuðu landi að sækja um styrki til þess sem ekki hefur verið áður. Ég vona þið sem það gildir um hafið öll sótt um áður en að fresturinn rann út þann 20. þessa mánaðar.

Hið pólitíska uppnám sem varð í apríl 2016 með forsætisráðherraskiptum og styttingu kjörtímabilsins hafði veruleg áhrif á framhaldið. Alþingi afgreiddi ekki samningana á vorþingi eins og áætlað var, heldur í september og komandi kosningar lituðu alla umræðu um málið. Átök urðu meiri en áður og umræðan hvassyrta.

Pólitíska ringulreiðin hélt síðan áfram nú á haustdögum með falli ríkisstjórnarinnar og kosninganna á morgun. Við vitum ekkert hverju þær skila okkur - hvernig mun ganga að mynda ríkisstjórn, hverjir munu skipa hana og hverjar verða hennar áherslur. Við höfum öll okkar skoðun á því hvað er skynsamlegast að gera í íslensku samfélagi og í íslenskum landbúnaði en viðvarandi óvissa er ekki góð fyrir neinn. Það gerist fátt þegar að menn bíða kosninga. Það gerist heldur ekki mikið á meðan á stjórnarmyndunarviðræðum stendur. Svo þegar og ef það tekst tekur alltaf nokkurn tíma fyrir nýja ráðherra að koma sér inn í starfið og útfæra það sem þeir vilja gera. Á meðan

bíða öll verkefni. Ég vona að að niðurstaða morgundagsins aflétti því ástandi eins fljótt og mögulegt er.

Í samráðshópnum sem að framan greinir lögðum við fulltrúar bænda áherslu á að nálgast þessa vinnu með opnum huga með áherslu á fagleg og skipuleg vinnubrögð. Í þeim anda lögðum við fram ítarlega greinargerð á fyrsta fundi samráðshópsins þar sem gerð var grein fyrir sýn okkar og áherslum í vinnunni.

Greinargerðin sem við lögðum fyrir samráðshópinum hefur verið birt í heild sinni á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is

Sérstaða Íslensks landbúnaðar er hans helsti styrkleiki. Þess vegna leggjum við áherslu á að í starfi samráðshópsins verði ráðist í greiningu á sérstöðu hans gagnvart landbúnaði í Evrópu, Norður Ameríku og Eyjaálfu.

Þá leggjum við sérstaka áherslu á að fjallað verði um samspil Íslensks landbúnaðar og loftslagsmála. Þar þarf til dæmis að leggja mat á kolefnisfótspor Íslenskra landbúnaðarafurða í samanburði við þær innfluttu auk þess að skoða hvernig landbúnaðurinn getur lagt sitt að mörkum til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Þar þurfa allir að hugsa um hvað þeir geta gert.

Það er aukin umræða í samfélaginu í heild og meðal bænda sjálfra um umhverfismálin og margir hafa gagnrýnt að ekki hafi verið meira fjallað um þau í búvörusamningunum. Það var samkomulag um að gera það ekki heldur að vinna málið með sjálfstæðum hætti. Í kjölfar samninganna var gert samkomulag BÍ, umhverfisráðuneytisins og atvinnuvegaráðuneytisins um að vinna vegvísi um minnkun losunar frá landbúnaði. Sú vinna stendur yfir á vegum verkefnisstjórnar sem BÍ á aðild að. Þá er jafnframt búið að skipa vinnu hóp á vegum BÍ sem ætlað er að skila drögum að umhverfisstefnu fyrir landbúnaðinn í heild til búnaðarþings 2018. Búast má því við að þessi mál verði fyrirferðarmikil á því þingi.

Við leggjum einnig ríka áherslu á að horft verði til neytendaverndar, meðal annars með því auka upplýsingagjöf til neytenda um kolefnisfótspor vöru, uppruna vöru, lyfjainnihalda, dýravelferð og aðra þætti sem ráða því hversu heilnæm vara getur talist í huga neytenda.

Íslenskur landbúnaður hefur mikil tækifæri til sóknar á næstu áratugum. Þá sókn eigum við að byggja á okkar sérstöðu og áherslu á heilnæman landbúnað sem er í sátt við samfélagið og náttúruna.

Á þessu ári var innheimta búnaðargjalds lögð af og félagsgjöld tekin upp í staðinn. Með því að greiða gjaldið verða bændur áfram félagsmenn í samtökunum og njóta allra þeirra réttinda sem aðild færir þeim.

Þetta er gríðarleg breyting og viðtökur bænda munu hafa veruleg áhrif á það hvernig starf samtakanna mun þróast á næstu misserum. Mikil undirbúningsvinna hefur farið fram en í könnun sem gerð var síðla á síðasta ári kom fram frekar jákvætt viðhorf félagsmanna til BÍ. Þá kom jafnframt skýrt fram að félagsmenn meta mikilvægi hagsmunagæslunnar hæst, sem er ánægjulegt, því að hana getur verið erfitt að meta til beinharðra peninga fyrir einstaka félagsmenn.

Með niðurlagningu búnaðargjalds var sú ákvörðun tekin innan BÍ að innheimta félagsgjöld þess í stað. Upphaflega var ætlunin að innheimta veltutengt félagsgjald en sú leið reyndist ekki fær og er því um fast gjald að ræða. Meginþungi þess er 42.000 kr. gjald fyrir bú sem jafnframt innifelur full réttindi fyrir tvo einstaklinga. Séu fleiri á sama búi greiða þeir 12.000 kr. til viðbótar hver. Þeir sem eru með undir 1.2 m. kr. árstekjur af landbúnaði geta sótt um lægra gjald sem er 12.000 kr. Mér er ljóst að velta ykkar hrossabænda getur verið afar mismunandi milli ára. Þess vegna var nýlega ákveðið í stjórn BÍ að hægt sé að sækja um lægra gjaldið grundvelli meðalveltu þriggja ára. Það

auðveldar ykkur vonandi að taka ákvörðun um að vera með okkur áfram. Það er hinsvegar ekki raunhæft að innleiða sama frádráttarkerfi við þessa innheimtu eins og mögulegt var með búnaðargjaldinu, enda er þetta ekki skattur heldur félagsgjald og við erum ekki í færum og viljum raunar ekki fara að reka eitthvert eftirlitskerfi eins og skattayfirvöld.

Tekjur BÍ af búnaðargjaldi voru um 140 milljónir króna á árinu 2016, en alls greiddi landbúnaðurinn um 600 milljónir króna í búnaðargjald á árinu sem nú hefur verið létt af greininni. Það eru umbrotatímar framundan í félagskerfinu. Bændur eru félagslega virkir og hafa starfrækt mörg félög, en á næstu misserum kemur í ljós hvort að menn eru tilbúnir að fjármagna þau öll áfram. En það verður að undirstrika að það ræður enginn örlögum einstakra félaga nema félagsmennirnir sjálfir. Það verður áfram algerlega undir þeim komið.

Félagsgjald BÍ verður nýtt til þess að gæta hagsmuna bænda og reka öflug Bændasamtök..

Greiða þarf greiðsluseðil sem sendur er út árlega til að staðfesta félagsaðild að Bændasamtökum Íslands. Aðeins félagsmenn munu njóta félagslegra réttinda, afsláttarkjara og aðgengis að allri þjónustu samtakanna. En hvernig leggjum við upp hver ávinningurinn af aðild sé:

Bændasamtökin vinna að hagsmunum allra bænda og eru málsvari stéttarinnar

Aðild eflir kynningar- og ímyndarmál landbúnaðarins

Félagsmenn njóta ráðgjafar um réttindi og um málefni sem snerta bændur

BÍ koma fram fyrir hönd bænda gagnvart ríkisvaldinu og gera samninga fyrir bændur

Félagsmenn njóta 30% afsláttar af vissum forritum BÍ og fá sérkjör á gistingu á Hótel Sögu

Félagsmenn geta leigt orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu og orlofshús á Hólum í Hjaltadal

Sem félagsmaður getur þú sótt um stuðning í starfsmenntasjóð og nýjan velferðarsjóð sem stofnaður verður síðar á árinu.

En megin atriðið er og verður að samtakamáttur heildarinnar er mikill og verður meiri eftir því sem fleiri taka þátt. Slagkraftur fjöldans skiptir öllu máli.

Ég óska fundinum velfarnaðar í störfum.“